

IV. KAFLI  
 Ýmis ákvæði.

14. gr.

Að því leyti sem eigi er ákvæðið í reglugerð þessari um gjaldskyldu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o.fl. með áorðnum breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

Að því leyti sem ekki er ákvæði í reglugerð þessari um álagningu, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, stöðvun atvinnurekstrar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innlendra framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 10/1960 um söluskatt með áorðnum breytingum og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim. Um ágreining vegna flokkunar hér umræddra vara til gjaldskyldu skv. 2. gr. skulu þó gilda ákvæði 36. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með áorðnum breytingum, sbr. 1. málgr. þessarar greinar.

15. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt er frá sama tíma úr gildi felld reglugerð nr. 467 23. ágúst 1982 um sérstakt tímabundið vörugjald og reglugerðir nr. 540/1982, 66/1983, 69/1983, 497/1983, 718/1983, 169/1984, 330/1984 og 481/1984 um breyting á henni.

Jafnframt eru úr gildi felld ráðuneytisbréf, dags. 11. maí 1976 og 8. júní 1976, varðandi innlenda framleiðslu á kökum og brauðvörum svo og önnur fyrirmæli er fara í bága við reglugerð þessa.

*Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1985.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Höskuldur Jónsson.*

**UMBURÐARBRÉF**

**til skattstjóra og tollstjóra.**

Ráðuneytið tilkynnir hér með að frá og með 1. janúar 1986 skal innheimta sérstakt tímabundið vörugjald af framleiðslu á kökum og brauðvörum, öðru en rúgbrauði, normalbrauði, maltbrauði, heilhveitibrauði, franskbrauði og öðru sams konar brauði án fyllingar, álegs eða viðbits.

Leiki vafi um gjaldskyldu samkvæmt fyrirmælum þessum sker fjármálaráðherra úr þeim ágreiningi.

*Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1985.*

F. h. r.

**Höskuldur Jónsson.**

*Bjarnveig Eiríksdóttir.*